

Fréttapistill frá forseta Íslands

7. júní 2020

Ég óska sjómönnum og landsmönnum öllum til hamingju með daginn. Sjómannadagurinn telst til helstu hátíðarstunda okkar Íslendinga. Ég sótti sjómannamessu í Grindavík, naut þar helgihalds og tónlistar, og flutti ávarp. Í því beindi ég sjónum mínum meðal annars að bættu öryggi sjómanna í áranna rás, farsóttinni skæðu sem sett hefur svo margt úr skorðum og loks þá mótmælaöldu sem reis nýlega vestra og víðar um heiminn. Í ávarpinu sagði ég:

„Hér á landi og utan úr heimi heyrum við sífellt fréttir sem hryggja okkur eða reita til reiði. Og stundum veldur eitt atvik straumhvörfum. Stundum breytist eitt ódæðisverk í sannleiksmerki um djúpstætt misrétti. Í Bandaríkjunum varð morðið á George Floyd í síðasta mánuði að slíku tákni. Myndir af lögregluþjóni sem réð honum bana fóru víða og ollu mótmælaöldu sem ekki sér fyrir endann á. „Ég næ ekki andanum,“ voru lokaorð hins látna. Fyrirverandi forsetar vestra eru í hópi þeirra fjölmörgu sem hafa fordæmt ódæðið, varað við ofsa og ofbeldi en vonast eftir að kerfisbundnu ranglæti og rótgróinni kynþáttahyggju linni.

Undir það hljótum við að taka á þessu landi, í þessu húsi, í þessari messu. Því hvaða réttur er dýrmætari en sá að mega draga andann? Hvað getur kristinn siður kennt annað en samúð með þjáðum og andúð á ofríki? Og hvort er betra að gera, stuðla að sátt eða kynda undir ófriðarbál?“

Að messu lokinni heimsótti ég hjúkrunarheimilið Víðihlíð ásamt Elínborgu Gísladóttur sóknarpresti, ræddi þar við íbúa og gesti og naut veitinga. Við Eliza höfum áður fagnað sjómannadeginum í Grindavík og sótt þá um leið fjölskylduhátíðina Sjóarinn síkátí. Því miður var ekki unnt að halda hana í ár en eflaust verður hún þeim mun skemmtilegri að ári.

Á mánudaginn var ræddi ég við Ragnar Smárason og Gísla Björnsson, verkefnastjóra átaksins Jafnrétti fyrir alla í Háskóla Íslands. Ég svaraði spurningum þeirra um jafnrétti og mannréttindi og verða svörin notuð í kennsluefni um þau brýnu málefni.

Þennan sama dag héldum við Eliza til Selfoss og kynntum okkur stórhuga áform um uppbyggingu miðbæjarins þar með gömlu yfirbragði. Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri Árborgar tók á móti okkur. Leó Árnason, einn forsprakka verkefnisins, fór síðan yfir framkvæmdir sem hafnar eru og þær sem eru í vændum. Stefnt er að því að fyrsta áfanga verði lokið á næsta ári og lofa öll þessi áform góðu. Að kynningu lokinni sátum við hjónin hádegisverð í Tryggvaskála ásamt forystusveit bæjarfélagsins og öðrum sem láta sig uppbygginguna varða.

Síðastliðinn þriðjudag tók ég upp ávarp sem flutt verður á alþjóðlegum hinsegin degi 27. júní næstkomandi. Aðrir þjóðarleiðtogar og ýmsir listamenn munu leggja þarna sitt af mörkum og er boðað til þessa hátíðardags vegna þess að aflýsa hefur þurft ýmsum hinsegin hátíðum sem fyrirhugaðar voru í sumar.

Á miðvikudaginn var tókum við Eliza á móti nemendum 7. bekkjar Álftanesskóla hér á Bessastöðum. Ýmsar skólaheimsóknir af því tagi féllu því miður niður í samkomubanninu.

Á föstudag tók ég svo þátt í vígslu nýrra höfuðstöðva Hafrannsóknastofnunar í Hafnarfirði. Rannsóknaskip Hafró, Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson, sigldu úr Reykjavíkurböfn í nýja heimahöfn. Ég var um borð í fyrrnefnda skipinu. Gaman var að spjalla við skipverja og gestavísindamenn að utan um störf þeirra á Íslandsmiðum, og ekki síður að virða fyrir sér Álftanesið og Bessastaði frá óvenjulegu sjónarhorni. Á mynd að neðan, sem Olga Björt Þórðardóttir tók, sést ég í þeim sporum með kíkí á lofti. Í stuttu ávarpi við hinar nýju höfuðstöðvar minnti ég á mikilvægi hafrannsóknna að fornu og nýju og frumkvöðlastarf fiskifræðinganna sem skipin tvö eru kennd við. Þá áréttaði ég hvernig vísindaleg vitneskja um ofveiði á Íslandsmiðum varð að öflugum vopni í landhelgisdeilum og studdi okkar málstað á alþjóðavettvangi.

Í gær, laugardag, tók ég á móti hópi kvenna úr Sandgerði sem kynnti sér sögu Bessastaða og húsakynni. Þá sótti ég hvatningarstund í Pakkhúsinu við Reykjavíkurböfn, bækistöðvum skákfélagsins Hróksins og Kalak, vinafélags Grænlands og Íslands. Hrafn Jökulsson, sem veitt hefur Hróknum forstöðu, hverfur nú frá þeim starfa en mun enn láta til sín taka í stuðningi við grannþjóð okkar á Grænlandi. Undir forystu Hrafns er hafin fjársöfnun til stuðnings barnaheimilinu í bænum Tasiilaq á austurströnd Grænlands og má sjá frekari upplýsingar hér: <https://kalak.is/laugardaginn-6-juni-leggjum-kalak-og.../>

Á samkomunni voru einnig kynnt áform um hreinsun fjara á Ströndum með liðsinni umhverfissamtakanna Blái herinn.

Að kvöldi hlotnaðist mér síðan sá heiður að afhenda verðlaun og flytja stutt ávarp á Sögum, verðlaunahátíð barnanna, í Borgarleikhúsinu. Í máli mínu minnti ég börn og ungmenni á mikilvægi þess að styðja þá sem þurfa á stuðningi að halda, vinna gegn einelti og stríðni og sýna seiglu, ekki gefast upp þótt á móti blási. Indælt var að sjá öflugum og hressum krakka taka við verðlaunum fyrir sögur og handrit, tónlist og aðra listsköpun. Ég óska öllum, sem voru tilnefndir til viðurkenninga, hjartanlega til hamingju.

Ég ítreka heillaóskir á sjómannaþegi og óska ykkur öllum velfarnaðar.